

## Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 11. apríl 2024 í máli nr. 84/2023

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmenirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 22. ágúst 2023 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings við Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst þess aðallega varnaraðila verði gert að endurgreiða honum kaupverð matvinnsluvélar að fjárhæð 115.000 krónur. Til vara krefst sóknaraðili þess að varnaraðili framkvæmi úrbætur á vélinni. Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila verið vísað frá kærunefndinni en til vara að henni verði hafnað.

### II

#### Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 24. ágúst 2023, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust 6. september 2023. Engar athugasemdir bárust frá sóknaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar og andsvara, skjáskot af samskiptum sóknaraðila og starfsmanns varnaraðila á Messenger, skjáskot af smáskilaboðum milli aðila, staðfesting á greiðslu, myndbands skeið sóknaraðila, staðfesting á skipun skiptastjóra í þrotabú [...], fundargerð skiptastjóra, tilkynning um skiptalok, dags. 3. júlí 2023 og umboð.

Með bréfi, dags. 10. apríl 2024, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### III

#### Málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt gögnum máls var lögmaður á lögmannsstofu varnaraðila skipaður skiptastjóri í þrotabúi [...] með úrskurði héraðsdóms þann 19. apríl 2023. Var [...] matvinnsluvél á meðal lausafjár í búinu. Undir skiptum á þrotabúinu auglýsti fulltrúi skiptastjóra umrædda vél til sölu á Facebook. Hafði sóknaraðili samband við viðkomandi þann 16. júní 2023 og óskaði eftir því að kaupa vélina. Sammældust aðilar um að kaupverð vélarinnar yrði 115.000 krónur og var sú fjárhæð millifærð inn á bankareikning varnaraðila 22. júní 2023. Var vélin afhent sóknaraðila sama dag á skrifstofu varnaraðila. Lauk skiptum í framangreindu þrotabúi 3. júlí 2023. Þann 6. júlí 2023 hafði sóknaraðili samband við fulltrúa skiptastjóra og kvað vélina vera bilaða. Í kjölfarið leitaði fulltrúinn upplýsinga um vélina frá fyrirsvarsmanni þrotabúsins sem fullyrti að hún hefði verið í lagi við síðustu notkun hennar. Bauð fulltrúi skiptastjóra sóknaraðila hins vegar að skila vélinni og fá kaupverðið endurgreitt. Þann 2. ágúst 2023 skilaði sóknaraðili vélinni og óskaði eftir endurgreiðslu. Eftir að hafa ráðfært sig við skiptastjóra þrotabúsins féll fulltrúinn frá boði um endurgreiðslu með þeim rökum að skiptum í þrotabúi félagsins væri lokið og því væri ekki hægt að endurgreiða sóknaraðila kaupverðið.

Sóknaraðili vísar til þess að hafa ekki fengið upplýsingar við kaupin að seljandi hennar væri þrotabú. Þá hafi fulltrúi skiptastjóra fullyrt við kaupin að vélin

væri í lagi en sóknaraðili hafi hins vegar ekki getað komið vélinni í gang. Sóknaraðili kveðst því hafa skilað henni á skrifstofu skiptastjóra og hafi fulltrúi hans í fyrstu lofað honum endurgreiðslu kaupverðs en síðar hafi hún fallið frá því boði. Sóknaraðili krefst þess því aðallega að varnaraðili endurgreiði honum kaupverð vélarinnar að fjárhæð 115.000 krónur en til vara að varnaraðili láti gera við vélina svo unnt sé að nota hana.

Varnaraðili vísar til þess að hin keypta matvinnsluvél var meðal lausafjármuna í fyrrnefndu þrotabúi. Hafi skiptastjóra búsins borið að ráðstafa umræddri eign á sem hagkvæmastan hátt án ástæðulauss dráttar, sbr. ákvæði kafla XIX. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Að sögn varnaraðila hafi sóknaraðili undir kaupferlinu innt eftir því hvort það væri í lagi með vélina og hvaða hlutir fylgdu með henni. Hafi fulltrúi skiptastjóra upplýst sóknaraðila um að vélin seldist í því ástandi sem hún væri í og að engir aukahlutir fylgdu með kaupunum. Af því tilefni hafi fulltrúinn auk þess prófað að kveikja á vélinni og hafi hún farið í gang. Þá hafi ekkert bent til þess að vélin væri að öðru leyti biluð eða gölluð. Varnaraðili vísar til þess að vélin hafi síðan verið sótt á skrifstofu skiptastjóra 22. júní 2023 en sóknaraðili hafi ekki skoðað vélina af neinu ráði þá. Það hafi henni hins vegar staðið til boða.

Varnaraðili bendir á að skiptum á þrotabúi [...] hafi lokið 3. júlí 2023. Þremur dögum síðar hafi sóknaraðili hringt í fulltrúa skiptastjóra, sem þá hafi verið stödd í útlöndum, til að upplýsa að illa gengi að koma vélinni í gang. Hafi fulltrúinn haft samband við fyrrum fyrirsvarsmann [...] sem fullyrti að vélin hefði virkað síðast þegar hún hafi verið í notkun. Hafi sóknaraðili síðan skilað vélinni til varnaraðila 2. ágúst 2023 og krafist endurgreiðslu kaupverðs 9. sama mánaðar. Varnaraðili ber því við að þá hafi skiptum í þrotabúinu verið sannanlega verið lokið og þar af leiðandi ekki unnt að endurgreiða sóknaraðila.

Varnaraðili telur að vísa eigi kvörtun sóknaraðila frá kæruneftinni á grundvelli ákvæðis a. liðar 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 þar sem kvörtunin varði ekki vörukaup þar sem seljandi eða umboðsmaður hans hafi atvinnu af sölu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.). Seljandi vélarinnar var skiptastjóri þrotabús veitingastaðar, sem hafi verið fyrrum eigandi hennar, en ekki verslun sem selur matvinnsluvélar í atvinnuskyni, sbr. 2. tölul. 4. gr. laga nr. 81/2019. Varnaraðili, lögmannsstofa, geti vissulega talist þjónustuseljandi í skilningi laga en kvörtun sóknaraðila í máli þessu varði ekki veitta lögmannspjónustu. Þá telur varnaraðili að sóknaraðili hafi ekki fullnægt skilyrðum a. liðar 2. mgr. 14. gr. nkpl. þar sem hún hafi ekki reynt að leysa málið beint með varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess til vara að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Um hin umþrættu kaup gildi meginreglur laga um lausafjárkaup, m.a. skoðunarskylda kaupanda fyrir kaup. Eftir afhendingu vélarinnar hafi áhættan af söluhlutum flust yfir til sóknaraðila og geti varnaraðili því ekki borið ábyrgð á galla sem komi fram tveimur vikum eftir afhendingu söluhlutarins. Samskipti aðila fyrir kaupin hafi gefið sóknaraðila sérstakt tilefni til að kanna eiginleika vélarinnar við afhendingu enda ekki um vörukaup úr verslun að ræða heldur sölu á notaðri matvinnsluvél í gegnum Facebook. Hafi sóknaraðili ekki sinnt skoðunarskyldu sinni og telur varnaraðili að hann geti ekki borið ábyrgð á því að vélin hafi bilað eftir afhendingu.

#### IV Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 er markmið þeirra að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegri málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Lögin taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu, sbr. 3. gr. laganna. Með neytanda er átt við einstakling sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna. Með seljanda er átt við einstakling, félag, opinberan aðila og aðra sem koma fram í atvinnuskyni og gera samninga við neytendur, svo og hvern þann sem í atvinnuskyni kemur fram í umboði eða fyrir hönd seljanda, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna.

Í 1. mgr. 16. gr. segir að neytendur geti óskað eftir úrskurði kærunefndar vöru- og þjónustukaupa vegna ágreinings sem rís af sölu- eða þjónustusamningi. Með sölusamningi er átt við samning seljanda og neytanda um kaup á vöru gegn endurgjaldi, svo og hvers konar samninga sem varða bæði vörur og þjónustu, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 81/2019. Í máli þessu liggur fyrir að sóknaraðili festi kaup á notaðri matvinnsluvél þann 22. júní 2023 af þrotabúi [...] og greiddi 115.000 krónur inn á fjárvörslureikning varnaraðila. Í fundargerð skiptafundar er gerð grein fyrir framangreindri sölu á eign þrotabúsins. Þá liggur fyrir að gjaldþrotaskiptum félagsins var lokið 3. júlí 2023 og var það afskráð úr hlutafélagaskrá 11. júlí 2023.

Við kaup sóknaraðila á vélinni af þrotabúinu var um sölusamning milli neytanda og seljanda að ræða í skilningi laga nr. 81/2019 þar sem þrotabúið telst seljandi. Kvörtun sóknaraðila er hins vegar beint að varnaraðila, sem hafði milligöngu um sölu fyrir hönd þrotabúsins. Þar af leiðandi er ekki um að ræða sölusamning milli sóknaraðila og varnaraðila í skilningi laga nr. 81/2019 og er varnaraðili því ekki réttur aðili að þessu máli. Þá verður ekki séð að þrotabúið, sem seljandi vélarinnar, geti lögum samkvæmt átt aðildarhæfi í kjölfar þess að félagið var afskráð 11. júlí 2023. Ágreiningur máls þessa heyrir samkvæmt framangreindu ekki undir lögsögu kærunefndar vöru- og þjónustukaupa. Kvörtun sóknaraðila er því vísað frá kærunefndinni samkvæmt e. lið 1. mgr. 14. gr. laganna.

#### V Úrskurðarorð

Kvörtun sóknaraðila, X, er vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

---

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

---

Hildur Leifsdóttir

---

Jón Rúnar Pálsson